

Skólinn í okkar höndum

Verkefnisstjórar SKOH funduðu vikulega á skólaárinu á skólatíma. Guðfinna sat jafnframt fundi forvarnarteymis og Áttufundi sem hjálpar mikið til við upplýsingaflæði milli allra aðila. Umsjónartímar á skólaárinu sem tileinkaðir voru SKOH, voru 12. SKOH sá um 3 kennarafundi þar sem málefni SKOH voru rædd. Ekki var notast við hópafyrirkomulag fyrir áramót, en eftir áramót var haldinn einn hópstjórafundur til undirbúnings fyrir fundi hópstjóra með sínum hópum. Hópstjórar á vorönn voru: Málfríður Garðarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir, Borgþór Helgason, Guðmundur Björgvin Gylfason, Kristjana Hrund Bárðardóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir.

Mikið af starfi vetrarins var tileinkað Heilsueflandi framhaldsskóla, en hreyfing var þema vetrarins. Verkefnið var unnið var í nánú samstarfi við forvarnarteymið og Sverri Geir Ingibjartsson, íþróttakennara. Gátalisti HEF var allan tímann uppi á borðum, en skólinn hafði þegar nokkuð forskot vegna þess hversu gott áfangaframboð er hér varðandi íþróttir og vegna góðrar aðstöðu til iðkunar hreyfingar.

Byrjað var á því að skipuleggja, í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði Háskóla Íslands, starfsfólk Ráðhús Árborgar og grunnskóla og leikskóla Árborgar, sérstakt jarðskjálftahopp til að hefja hreyfingarárið með glæsibrag. Gjörningurinn tókst afar vel, en í byrjun september skunduðu nemendur og starfsfólk í bæjargarð Árborgar og hoppuðu saman með það að augnamiði að láta jörð skjálfa og skemmta sér um leið. Gjörningurinn var mældur og tókst verkið. Gera má ráð fyrir að um 8-900 manns hafi tekið þátt í verknaðnum. Sett var fram stefna skólans varðandi grunnþætti HEF, næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl, og er hún aðgengileg á vef skólans. Að auki voru settar inn leiðbeiningar á vefsíðu skólans um hléæfingar og skipulag þjálfunar.

Unnið var að því að fá afslætti fyrir nemendur og starfsfólk í heilsuræktarstöðvum á Suðurlandi og tókst það ágætlega. Gera átti tilraun með að setja Lífshlaup framhaldsskólanna, átak sem farið var af stað með á haustönn, inn í íþróttakennslu grunnáfanga, það tókst ekki sem skyldi, en verður reynt aftur á næsta ári, en þá á að setja lífshlaupið sem fastan lið í ÍPR 101 og verður þá metið sem verkefni í áfanganum. Starfsmenn tóku þátt í Lífshlaupi ÍSÍ eftir áramót.

Bæði á haust- og vorönn voru festar niður svokallaðar hreyfingarvikur, þar sem kennarar voru sérstaklega beðnir um að setja hreyfingu inn í kennslustundir hjá sér. Þetta gafst mjög vel, sérstaklega á haustönn og sem dæmi má nefna „leitina að x-inu“ ratleik sem

stærðfræðikennarar bjuggu til, allskonar gönguferðir og verkefni þar sem hreyfing var í fyrirrúmi.

Verið er að hanna útiskilti sem tilbúið verður í lok skólaárs. Á því verða merktar inn göngu-
skokk- og hjólaleiðir í mismunandi vegalengdum. Skiltið mun hanga við íþróttahús skólans,
Iðu. Gátalisti vegna hreyfingar kom vel út, en samkvæmt honum fékk skólinn gull, að auki
var lögð inn umsókn um gulleplið.

Fastur liður á dagskrá hvern annar hjá SKOH er að kynna hugtakið einelti fyrir nemendum
og þá verkferla sem í boði eru hér við skólann. Það er ánægjuefni hversu sjálfsagður hlutur
þessi dagskrárliður er orðinn í hugum nemenda og starfsfólks.

8. nóvember var dagur tileinkaður grænum lit (dagur gegn einelti) og var starfsfólk hvatt til
þess að ganga til vinnu grænklætt til heiðurs græna kallinum í eineltishringnum (sá sem
hjálp/leita má til). Einnig var fólk hvatt til þess að skrá sig á vefinn gegneinelti.is.

Nemendaviðtöl eru einnig orðin fastur liður á dagskrá SKOH og er það vel. Starfsfólk og
nemendur hafa lýst yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag.

Verkefnastjórar funduðu með sviðsstjórum tvisvar sinnum á haustönn vegna hugleiðinga um
breytt fyrirkomulag umsjónartíma. Tillögurnar voru í þá átt að breyta og lengja umsjón, hafa
umsjón markvissari að innihaldi, búa til bekkir sem yrðu saman í tvö ár. Eftir 18 ára aldur þurfi
nemendur ekki að mæta eins oft, mögulega bara vegna valdags. Hugmyndin gengur út á að
yngri nemendur fái fræðslu í skipulagi náms og skóla þannig að þeir verði orðnir sjálfbærir í
námsvali og námstækni um 18 ára aldur. Einnig verði þetta fyrirkomulaga til þess að
nemendur eigi sinn bekk og kynnist innbyrðis.

Fyrirkomulag umsjónartíma var rætt í umsjón á skólaárinu. Niðurstöður þeirrar umræðu voru
skráðar og nýttar til frekari úrvinnslu. Ljóst er að umsjón verður ekki breytt á næsta skólaári,
en tilvalið að nýta tækifærið með innleiðingu nýrrar námsskrár 2015 og breyta þá
fyrirkomulagi umsjónar.

Mætingarreglur voru einnig ræddar í umsjón, en þar var lögð fram opin tillaga frá
skólameistara til viðmiðunar í umræðu. Er skemmst frá því að segja að hressilegar umræður
sköpuðust meðal nemenda um málið og margar góðar athugasemdir komu fram sem nýttust
stjórnendum vel þegar gengið var frá reglunum, en nýjar reglur voru kynntar kennurum í vor
og koma til með að gilda frá og með næstu haustönn 2013.

Að venju voru umsjónartímar einnig nýttir til þess að fá fram umræðu meðal nemenda og hugmyndir varðandi fyrirkomulag Káttra daga og Flóafárs. Gögnin sem fram komu voru skráð og sett í skjal sem nýttist bæði Kátudaga- og Flóafársnefndum við skipulag.

Hafinn var undirbúningur vegna þema næsta skólaárs í tengslum við HEF, en það er geðrækt. Starfsfólk ræddi fyrst um hugtakið geðrækt og hugstormaði um hvað væri hægt að gera til geðræktar á næsta ári. Því næst var geðrækt rædd í umsjón.

Verkefnisstjórar kynntu Skólann í okkar höndum á málþingi um námsþætti nýrrar námsskrá sem haldið var í skólanum í október.

Lögð var fyrir könnun meðal nemenda um lífsstíl, næringu og hreyfingu á vorönn, en niðurstöður hennar liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Nauðsynlegt er að fylgjast með hvernig nemendum líður í skólanum um leið og kannað er reglulega hvort og hvernig nemendur haga sínum lífsstíl. Slíkar upplýsingar koma að góðum notum þegar unnið er að fornavarnastarfi við skólann.

Hugleiðingar að lokum

Nemendaviðtöl hafa algerlega fest sig í sessi og nú er það aðeins aðstöðuleysi til viðtala sem mögulega stendur þeim fyrir þrifum, að öðru leyti virðast bæði kennarar og nemendur vera mjög sáttir við að hafa kost á þessum viðtölum.

Ef að hugmyndir um breytta umsjón verða að veruleika er ljóst að nemendur 18 ára og eldri munu fara á mis við ákveðin tengsl við skólastarfið. Þá er spurning hvort að þeir gætu haft kost á því að vera aðstoðarkennarar, aðstoða í breyttri umsjón og fá umbun fyrir. Eitthvað sem vert er að skoða, en gæti rímað mjög vel við hugmyndir um kraftinn sem felst í jafningjafraeðslu og tengingu milli eldri og yngri nemenda.

Ljóst er að gátlisti vegna geðræktar er yfirgripsmikill og tekur á mjög breiðum málefnum varðandi geðrækt. Þar á meðal eru atriði sem að stjórnendur þurfa að taka ákvörðun um framhaldið vegna þess að sum þeirra verða bein fjárútlát. Mæla undirrituð með að fundað verði sem allra fyrst á haustönn með verkefnisstjóra geðræktar til að fá hugmyndir að útfærslu og nálgun. Að auki væri skynsamlegt að fá starfsmannafélag í samstarf við HEF og geðræktarárið til að lífga upp á kaffistofu kennara, en þar hefur Agnes, náms- og starfsráðgjafi verið fremst meðal jafningja að koma starfsfólki á óvart með fallegum glaðningi og óvæntum

uppákomum á Bollastöðum. Þar sem ljóst er að engin verður Agnesin næsta vetur, teljum við bráðnauðsynlegt að skipa einhvern í hennar stað.

Til viðbótar má segja frá því að upp hefur komið hugmynd um að halda hinsegin dag á haustönn í samráði við Samtökin 78 sem hafa tekið mjög vel í erindi okkar og eru þau tilbúin að aðstoða okkur við frekari útfærslu á slíkum degi.

Á haustönn 2013 ættu, samkvæmt skipulagi, að vera haldnir stjörnumerkjadagar, en það felur í sér fjárútlát vegna bolakaupa og ekki ljóst hvort af verður, en vissulega væri gott að geta haldið þessu skemmtilega uppbroti og dagamun við.

Einnig teljum við mikilvægt að reyna að kynna komandi breytingar á námsskrá og leyfa nemendum að koma að mótunarstarfi vegna mögulegra breytinga á námsvali sem í kjölfarið munu fylgja.

Að lokum fögnum við þeirri skipuritsbreytingu varðandi forvarnir sem fram kom í auglýsingu skólameistara um störf í boði nú í vor. Teljum við að þessi breyting verði til batnaðar, skilvirkari og greiðfærari í alla staði.

Undirrituð þakka hópstjórum góða vinnu og samstarf á skólaárinu.

Munum að hrósa, brosa og vera góð við hvert annað.

Svanur Ingvarsson
Guðfinna Gunnarsdóttir
Verkefnisstjórar SKOH